

Nd.

262. Frumvarp til laga

um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist fyrir hönd ríkissjóðs þær ráðstafanir, sem taldar eru í 2.—4. gr., í þeim tilgangi að tryggja bátaútveginum á árinu 1947 65 aura verð fyrir hvert kg af nýjum fiski, miðað við þorsk og ýsu, slægðan með haus.

2. gr.

Ríkissjóður ábyrgist hraðfrystihúsum það, sem á kann að vanta, að söluverð á þorsk- og ýsuflökum nái kr. 1.33 fyrir lbs. fob., þó þannig, að ábyrgðin fari ekki fram úr 35 aurum á lbs. Skal verð annarra fisktegunda vera tilsvarendi.

3. gr.

Ríkissjóður ábyrgist saltfiskútflytjendum það, sem á kann að vanta, að söluverð verði kr. 2.25 fyrir kg fob., miðað við fullsaltaðan stórfisk (þorsk) 1. flokks, og skal verð annarra flokka og fisktegunda vera tilsvarendi. Sambærilegt verð skal ábyrgt fyrir hertan fisk útfluttan.

4. gr.

Til þess að tryggja 65 aura verð á nýjum fiski og sölu aflans er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast útflutningsverð á fiski, sem verkaður er á annan hátt en talið er í 2. og 3. gr.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa fyrir um verkun á fiski eftir því sem markaðshorfur segja til.

6. gr.

Auglýsa skal fyrir 1. jan. 1947 lágmarksverð á nýjum fiski, sem miðast við 65 aura verð, sbr. 1. gr., og skal verð annarra fisktegunda vera tilsvarendi. Leita skal tillagna Landssambands íslenzkra útvegsmanna um verðlagninguna.

7. gr.

Ríkisstjórnin getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd laga þessara, þar á meðal um sönnunargögn fyrir því, að hlutarsjómönnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt það lágmarksverð, sem ákveðið er skv. 7. gr., enda er greiðsla þess fiskverðs skilyrði fyrir öllum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og ábyrgðum skv. lögum þessum.

8. gr.

Ríkisstjórnin greiðir verðuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir á tímabilinu 15. sept. 1946 til 15. sept. 1947 eftir því sem með þarf til þess, að framleiðendur fái það verð fyrir þær, sem reiknað er með í landbúnaðarvísitölu 1946. Ef vörur, sem framleiddar eru á framangreindu tímabili, eru eigi fluttar út á því ári, enda þótt þær séu tilbúnar til útflutnings, skulu þær verðbættar, þegar út eru fluttar, eins og gert mundi hafa verið á því ári, er þær voru framleiddar. Verðuppbæturnar greiðist útflytjendum um leið og kaupendur borga vörurnar.

Ákvæði greinar þessarar koma því aðeins til framkvæmda, að greiða þurfi fé úr ríkissjóði vegna ábyrgðar samkv. 2.—4. gr.

9. gr.

Ríkisstjórnin skipar 4 manna nefnd eftir tilnefningu þingflokka til þess að gera tillögur um, á hvern hátt verði komið í veg fyrir, að dýrtíðin í landinu vaxi, og skal nefndin skila álitinu sínu fyrir 1. febr. 1947.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.